



1520. stjórnarfundur

Íþróttamiðstöðinni í Laugardal
14.12.2011, kl. 17:00

Frímann Ari Ferdinandsson

1. Fundargerð 1519. fundar Samþykkt.

2. Samningur við Reykjavíkurborg

Umræður um stöðuna á samningagerð ÍTR og ÍBR, fyrir hönd þeirra aðildarféлага sem um ræðir, vegna ársins 2012. Að óbreyttu er ekki gert ráð fyrir verðbótum, fjórða árið í röð. Fulltrúar féлага telja það óásættanlega stöðu og tóku fundarmenn heilshugar undir það. Næsta skref er fundur ÍBR og félaganna með fulltrúum Reykjavíkurborgar.

3. Fundargerð afreksíþróttasviðs

Lögð fram. Varðandi þátttöku í Alþjóðaleikum ungmenna í Daegu, tillaga 2 samþykkt þ.e. að senda 8 keppendur í sundi og frjálsum, 2 þjálfara og 1 fararstjóra. Miðast við að viðkomandi sérráð og félög taki þátt í kostnaði. Einnig samþykkt að óska eftir fundi með fulltrúum ÍTR varðandi stuðning við íþróttafólk sem á möguleika á að komast á Ólympíuleikana 2012.

4. Íþróttamaður Reykjavíkur

Byggt á samantekt frá afrekssviði, Íþróttamaður Reykjavíkur valinn. Til viðbótar valdir 10 íþróttamenn sem hljóta viðurkenningu fyrir góðan árangur á árinu.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 18:55.

Gígja Gunnarsdóttir og Frímann Ari Ferdinandsson
fundarritarar